

Herbergjum þeim, sem mjólk er geymd eða seld í, skal haldið vel hreinum. Þau skulu vera loftgóð og björt. Í mjólkurbúðum má ekki án leyfis heilbrigðisnefndar hafa aðra vöru en brauð, kökur, mjólk, grjón, smjör, smjörliki og egg. Eigi má hafa þar íbúð eða sofa að nóttunni.

Heilbrigðisnefnd getur bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómar gengur á heimilinu. Hún getur og bannað að menn, er hafa einhvern þann kvilla, er hætta eða viðbjóður stafar af, fari með sölumjólk.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 27. febrúar 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

G. Sveinbjörnsson
aðstm.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Kristjáns konungs hins níunda fyrir árið 1907.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj. tíð. 1907 B, bls. 42):		
a. Innritunarskírteini Ltr. A. fol. 84	kr. 8600,00	
b. Í Landsbankanum	— 1631,69	
		kr. 10231,69
2. Ársvextir:		
a. Af innritunarskírteini til $11/6$ og $11/12$ '07	kr. 301,00	
b. — fje í Landsbankanum	— 3,33	
c. — veðskuldabréfum	— 27,63	
		— 331,96
	Samtals kr. 10563,65	

Gjöld:

1. Heiðursgjafir veittar:		
a. Helga Þórarinssyni, Þykkvabæjarklaustri	kr. 140,00	
b. Jóni Árnasyni, Þorlákshöfn	— 140,00	
		— 280,00
2. Sjóður við árslok:		
a. Innritunarskírteini Ltr. A. fol. 84	kr. 8600,00	
b. Veðskuldabréf	— 1600,00	
c. Í Landsbankanum	— 83,65	
		— 10283,65
	Samtals kr. 10563,65	

Í stjórnarráði Íslands, 3. janúar 1908.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.